

EFTIRLITSSKÝRSLA

UOS-3333

Rekstraraðili Olíudreifing ehf. kt: 6606952069	Tegund starfsemi Olíubirgðarstöð	Starfsleyfisnúmer: Gildistími starfsleyfis 31. janúar 2034
Starfsstöð Patreksfjörður	Tegund eftirlits Reglubundið eftirlit	Dagsetning eftirlits 22. apríl 2026
Starfstöðvarnúmer: 0119	Eftirlitsmaður Kristín Kröyer	Útgáfudagur skýrslu 4. júní 2026

Tengiliðir

Tengiliður	Titill
------------	--------

Gestur Guðjónsson

Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt nýtt frávik er varðar skil á umhverfisupplýsingum.

Settar voru fram tvær ábendingar varðandi merkingar geyma og úrgang á lóð.

Umfang eftirlits

Reglubundið eftirlit - fór fram hjá rekstraraðila þann 22. apríl 2026.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Ábending var frá eftirlitinu árið 2024 þess eðlis að fara þyrfti yfir merkingar á nýjum úrgangsolúgeymi og lögnum honum tengdum. Ábendingin stendur enn þar sem enn vantar upp á merkingar geymanna.

Rekstrarhandbók:

Rekstrarhandbók var til staðar í stöðinni og vel útfyllt.

Olúskilja:

Á svæðinu er olúskilja sem er útbúin með 1 m³ sandfangi og skilju með nafnstærð 2,2 l/s. Skiljan tekur við vatni frá 80 m² svæði, sem þýðir að skiljan ætti að hafa nafnstærð að minnsta kosti 1 l/s. Stærð skiljunnar dugar því til að taka á móti því vatni sem fellur á afgreiðsluplanið. Hins vegar er skiljan ekki nægjanlega stór til að taka á móti því vatni sem fellur innan olúþróarinnar. Til þess að taka á móti því vatni þyrfti skiljan að vera að nafnstærð 14 l/s. En skiljan er búin olúskynjara og sjálfvirkum lokunarþúnaði sem ætti að loka skiljunni ef óhapp verður.

Ekki hefur verið skilað inn niðurstöðum úr efnagreiningum frá olúskiljunni, hingað til hafa einungis verið tekin sýni með olústrimli.

Þrýstiprófanir:

Þrýstiprófanir voru framkvæmdar á öllum lögnum árið 2025 og stóðust allar lagnir prófunina. Næsta prófun er því í síðasta lagi 2030.

Þykktarmælingar.

Geymir 1: Mæling fór fram árið 2019. Geymirinn er í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Létt tæring er farin að myndast á yfirborði geymisins. Pyttir hafa myndast á stöku stað sem mælast upp undir 2,6 mm á dýpt. Neðsta umfar lítur vel út. Minnsta þykkt á gólfi er ca. 4mm.

Geymir 2: Mæling fór fram árið 2019. Geymir er í döpru ásigkomulagi að innanverðu. Tæring er farin að myndast og víða djúpir pyttir. Neðsta umfar ber ummerki tæringar og þarfnast viðgerðar. Tekin var ákvörðun um endurnýjun gólfs og viðgerðir á neðsta umfari sem framkvæmdar voru árið 2020.

Geymir 3: Mæling fór fram árið 2019. Geymir er í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Nokkur tæring er farin að myndast á yfirborði geymis. Djúpir pyttir hafa myndast. Neðsta umfarið lítur vel út. Minnsta þykkt á gólfi er ca. 4mm. Nýr botn var settur í geymirinn árið 2020.

Geymir 4 (T0022): Mæling fór fram árið 2019. Minnsta efnisþykkt er 8,13mm. Ekki náðist að mæla á öllum stöðum endaplatna vegna málningarskemmda og fyrirstaðna í geyminum.

Geymir 5 (T0023): Mæling fór fram árið 2019. Minnsta efnisþykkt er 8,12mm. Ekki náðist að mæla á öllum stöðum endaplatna vegna málningarskemmda og fyrirstaðna í geyminum.

Trygging vegna bráðamengunar:

Rekstraraðili sendi stofnuninni afrit af gildu tryggingaskírteini að eftirlitinu loknu.

Umhverfisupplýsingar:

Umhverfisupplýsingar hafa ekki borist.

Vettvangsskoðun:

Gengið var um athafnarsvæðið. Innan girðingarinnar, þó utan þróarinnar, er talsvert af úrgangi sem þarf að koma í réttan farveg.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3 í reglugerð 206/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Frávikið var skráð: 22. apríl 2026 Rekstraraðili skal taka saman umhverfisupplýsingar og senda til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. <i>Umhverfisupplýsingar bárust stofnuninni ekki fyrir 1. maí 2026</i>	Opið

Ábendingar

Ábending var frá eftirlitinu árið 2024 þess eðlis að fara yfir merkingar á nýjum úrgangsolúgeymi og lögnum honum tengdum. Ábendingin stendur enn þar sem enn vantar upp á að merkingar geymanna.

Innan girðingarinnar, þó utan þróarinnar, er talsvart af úrgangi sem þarf að koma í réttan farveg.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlitið er framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti.

Rekstraraðili hefur tvær vikur frá því að drög eru birt til að koma með athugasemdir við skýrslu.

Rekstraraðili hefur þrjár vikur frá útgáfudegi lokaskýrslu til þess að skila úrbótaáætlun, sbr. 58. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Athygli er vakin á heimild Umhverfis- og orkustofnunar til áminningar og álagningu dagsekta.

Umhverfis- og orkustofnun innheimtir gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða skv. 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár nr. 1410/2023.